

**Vegna:** Máls nr. 0209/2024, Ný akbraut á Egilsstaðaflugvelli (Tilkynning um framkvæmd)

**Athugasemd:**

Samgöngustofa vísar til áður framkominnar umsagnar sinnar við mál Skipulagsgáttar nr. 1030/2023; „Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045“.

Verkefnið „Ný akbraut á Egilsstaðaflugvelli“ má líta á sem fyrstu skref að því, að Egilsstaðaflugvöllur geti hverju sinni tekið á móti talsvert fleiri millilandaþotum, en nú er mögulegt.

Með aukinni flugumferð til og frá Íslandi má búast við því, t.d. ef ein flugbraut lokast á Keflavíkurlflugvelli og aðrar flugbrautir ekki að hafa þar, að þá myndist á skömmum tíma þörf fyrir það að geta lent fjölda millilandaflugvéla annars staðar á Íslandi.

Án varaflugvallar eins og Egilsstaðaflugvallar - fyrir lok þessa verkefnis og síðari þróun flugvallarins - er líklegt, að flugvélar í bið við áætlaðan landingarstað vegna t.d. ónothæfrar flugbrautar, þurfi að hringa um tíma þar nærri og jafnvel að snúa til flugvallar erlendis – með tilheyrandi umhverfisáhrifum.

Með umræddri nýrri akbraut, sem ætlað er að geti tekið á móti 6 flugvélum með vænghaf allt að Code D og stærra flughlaði á Egilsstaðaflugvelli ætti að vera hægt að taka á móti drjúgum hluta nálægra flugvéla, sem geta ekki lent á öðrum millilandaflugvöllum Íslands t.d. vegna veðurs eða lokaðra flugbrauta á áætluðum komuflugvelli eða hvers konar neyðarástands flugvélar eða farþega hennar. Algengt er, að flugmenn á leið til og frá Íslandi og jafnvel þeir, sem fljúga yfir og framhjá landinu, skrái Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll sinn.

Með verkefninu bætist einnig við sá kostur, að eftir landingu flugvélar á flugbraut 03 getur sú flugvél rýmt flugbrautina fyrir næstu flugvél í landingu með miklu sneggri hætti, en hingað til hefur verið mögulegt. Þ.e. með því að aka eftir landingu yfir á nýju akbrautina og bíða þar komu næstu flugvélar í stað þess eins og nú verður að gera; að snúa flugvélinni í hálfhring á flugbrautarenda, aka síðan eftir flugbrautinni þar til kemur að flughlaðinu og teppa flugbrautina þangað til. Jákvæð umhverfisáhrif ásamt auknu flugöryggi fylgja nýrri akbraut að þessu leyti. Umhverfisáhrif ofangreindra áætlaðra mannvirkja Egilsstaðaflugvallar eru því mögulega jákvæð til lengri tíma lítið.

Samgöngustofa veitir álit sitt á verkefnisáætlun, verkáætlunum og hvernig uppfylla megi viðeigandi kröfur á reglulegum fundum með Isavia innanlandsflugvöllum ehf. auk þess að sinna lokaúttektum áfanga og heildar.

**Höfundur:** Tómas Björn Ólafsson/tomas.b.olafsson@samgongustofa.is

**Sent inn þann:** 26.03.2024, **Fyrir hönd:** Samgöngustofa

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0079  
SS

**Efni: Umsögn um fyrirspurn um matsskyldu vegna nýrrar akbrautar á Egilsstaðaflugvelli.**

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 26. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd ISAVIA ehf á byggingu nýrrar akbrautar meðfram flugbraut vallarins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um framkvæmdina, sem er vönduð, og telur ekki þörf á að hún fari í umhverfismat. Umfang framkvæmdarinnar er ekki það viðamikið og rask er fyrst og fremst á þegar röskuðu svæði innan marka flugvallarins sem er skilgreint sem tún og graslendi. Lítilsháttar rask verður á minna snortnu gróðurlendi nálægt bakka Eyvindarár, hluti af því gæti verið votlendi en það er mjög lítið svæði og einangrað. Efni verður sótt í námur sem þegar eru í rekstri.

Mikilvægast er að huga að áhrifum á Eyvindará en áætluð lega akbrautar verður mjög nálægt bökkum árinna, ekki langt frá útfalli hennar í Lagarfljót. Á þessum slóðum hefur árfarvegi verið raskað nú þegar en forðast skal frekara rask á farveginum eða bökkum árinna. Líkt og fjallað er um í greinargerðinni eru flóð algeng á þessum slóðum sem auka hættuna á að mengun af flugvellingum geti borist í árna. Tryggja þarf mengunarvarnir og taka vandlega tillit til hvort einhver hættu sé á að vatnshlotið verði fyrir hnignun vegna framkvæmdarinnar og aukinnar nálægðar flugvélaumferðar við árfarveginn.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



**Móttakandi**

Múlaping

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

[johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is)**Efni: Ný akbraut á Egilsstaðaflugvelli**

Vísað er til erindis dagsett þann 26. febrúar frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda akbraut á Egilsstaðaflugvelli.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Suðurláun 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði 20. mars 2024  
Málsnúmer: 2024-02-0071

### Tilvísun: Egilsstaðaflugvöllur – Ný akbraut - Fyrirspurn um matskyldu.

Fyrirhugaðri framkvæmd er lýst svohljóðandi í skýrslu Verkís (ID 361901) frá febrúar 2024:

*Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér byggingu á nýrri 970 m langri akbraut á Egilsstaðaflugvelli. Akbrautin, sem verður merkt með slitlagsmerkingum, gerir ráð fyrir 6 „Code D“ flugförum ásamt möguleika á stækkun akbrautar í átt að flughlaði síðar. Breidd akbrautar verður 23 m, og í heildina 55 m með öxlum. Lágmarksfjarlægð milli akbrautar og flugbrautar (frá miðju brauta) er 166 m. Núverandi flugvallargirðingu og eftirlitsslóða verður hliðrað á um 890 m kafla til að afmarka nýja akbraut. Eftirlitsslóðinn verður malarborinn eins og núverandi slóði og er eingöngu ætlaður til eftirlits með flugvallargirðingunni. Framkvæmdin mun ekki hafa í för með sér aukna umferð um eftirlitsveginn. Áætlað flatarmál heildarrasks á framkvæmdarsvæði fyrir nýja akbraut er um 42.000 m<sup>2</sup> og efnispörfin í 2 m háar feringar fyrir nýja akbraut um 60–80.000 m<sup>3</sup>. Einnig er gert ráð fyrir um 2 m þykkum burðarlögum og efnispörfin því einnig 60–80.000 m<sup>3</sup>. Því er heildarefnispörf framkvæmdar áætluð um 170.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að sækja efni í tvær námur sem voru nýttar við upphaflega uppbyggingu flugvallarins, Mýnes annars vegar, sem er með hentugt efni í feringar og Selhöfða hins vegar, sem hentar vel fyrir fyllingarefni. Ef jarðvegsskipt verður um 2 m niður fyrir yfirborð, þá er áætlað að fjarlægja þurfi um 84.000 m<sup>3</sup> af jarðvegi. Uppgrafið efni er mýrarjarðvegur sem hentar ekki í fyllingar undir mannvirki, hins vegar hentar efnið vel í landfyllingar og landmótun, t.d. í nærumhverfi flugvallarins. Líklegt er að öll framkvæmdin taki um 2 ár, fyrra árið fari í feringar og seinna árið í að gera yfirborð.*

### Niðurstaða

Framkvæmdin liggur innan þeirrar 100 m fjarlægðar frá Eyvindará sem krefst heimildar Fiskistofu fyrir framkvæmdum samkvæmt 33 gr. laga nr. 61/2006 um um lax- og silungsveiði.

Af fyrirliggjandi gögnum er ekki að sjá að framkvæmdin komi til með að hafa bein áhrif á lífríki í vatni svo fremi að framkvæmdirnar leiði ekki til þess að jarðefni, mengandi efni eða önnur óæskileg efni berist út í vatn. Hafa þarf í huga að við lengingu flugbrautar á sínum tíma var farvegi Eyvindarár breytt á þessu svæði og fellur hún nú í tilbúnum stökk meðfram flugbrautinni og út í Lagarfliót. Það svæði sem um ræðir er því þegar raskað hvað það varðar, en þó er mikilvægt að bakka og botni Eyvindarár verði ekki raskað.

Hafrannsóknastofnun telur að í ljósi fyrirliggjandi framkvæmdalýsingar, séu upplýsingar fullnægjandi til að meta áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á vatnalífríki og telur að áhrifin verði óveruleg.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,



Guðni Guðbergsson

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2024  
UST202402-422/S.A.J.  
10.05.00

## Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Ný akbraut á Egilsstaðaflugvelli

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum:

### Framkvæmdarlýsing

Egilsstaðaflugvöllur er einn af fjórum alþjóðaflugvöllum á Íslandi og gegnir jafnframt hlutverki sem varaflugvöllur fyrir millilandaflug til og frá Íslandi. Til stendur að byggja nýja akbraut meðfram flugbraut flugvallarins. Í fyrsta verkhluta er miðað við að hægt verði að rúma 6 „Code D“ millilandaflugvélar á jörðu ásamt flugvélum sem sinna innanlandsflugi á flugvellinginum ef loka þarf Keflavíkurflugvelli vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Með þessari breytingu eykst geta flugvallarins til að taka á móti millilandapotum í neyðarástandi úr 4 flugvélum í 10 flugvélar miðað við skilgreiningu á „Code D“ flugvélarstærð.

Gert er ráð fyrir stækkun Egilsstaðaflugvallar í aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028. Votlendi sem flokkast undir sérstaka vernd er norðan við flugbraut en fyrirhugað framkvæmdarsvæði liggur austan við flugbraut Egilsstaðaflugvallar. Því eru engin svæði sem flokkast undir sérstaka vernd á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

### Námur

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að áætlað flatarmál heildarrasks á framkvæmdarsvæði fyrir nýja akbraut er um 42.000 m<sup>2</sup> og efnispörfin í 2 m háar fergingar fyrir nýja akbraut um 60-80.000 m<sup>3</sup>. Einnig er gert ráð fyrir um 2 m þykkum burðarlögum og efnispörfin því einnig 60-80.000 m<sup>3</sup>. Því er heildarefnispörf framkvæmdar áætluð um 170.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að sækja efni í tvær námur sem voru nýttar við upphaflega uppbyggingu flugvallarins, Mýnes annars vegar og Selhöfða hins vegar.

Ef jarðvegsskipt verður um 2 m niður fyrir yfirborð, þá er áætlað að fjarlægja þurfi um 84.000 m<sup>3</sup> af jarðvegi.

### Verndarsvæði

Í skýrslunni kemur fram að framkvæmdarsvæðið er á svæði er nefnist Finnsstaðanes og Egilsstaðanes og er á C hluta náttúruminjaskrár. Svæðinu er lýst sem votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurrikum hólum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðgasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.

### **Vatnafar**

Fram kemur í skýrslunni að framkvæmdarsvæðið tilheyrir annars vegar grunnvatnshlotinu Lögurinn (Lagarfljót) 102-1857-L og hins vegar grunnvatnshlotinu Eyvindará 102-1137-R og samkvæmt vatnavefsjá er vatnaflokkunin jarðvegsmiðlaðar dragár á láglandi. Eyvindará flokkast sem bergvatn á gömlu bergi (>3,3 milljón ára) og er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess mjög gott. Áin flokkast ekki í hættu. Lagarfljótið flokkast sem jökulvatn á gömlu bergi (<3,3 milljón ára) og er meðaldýpi þess 3 m. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand Lagarins er gott og sömuleiðis flokkast áin ekki í hættu. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér hnignun viðkomandi grunnvatnshlota.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur að vel sé fjallað um framkvæmdina í matskyldufyrirspurn og framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa það umfangsmikil áhrif á umhverfi að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**



## Skipulagsstofnun

Mál nr. 209/2024 í Skipulagsgátt

Egilsstöðum, 8. mars 2024

Málsnr. 202402214

### Efni: Umsögn Múlapingis um matsskyldufyrirspurn vegna nýrra akbrauta á Egilsstaðaflugvelli

#### Inngangur

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 26. febrúar sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlapingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/202. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þarf að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Isavia innanlandsflugvellir ehf. hyggst byggja nýja 970m langa akbraut meðfram flugbraut Egilsstaðaflugvallar og með því auka getu flugvallarins til að taka á móti millilandaþotum. Hliðra þarf flugvallagirðingu og eftirlitsslóða á um 890 m kafla til að afmarka nýja akbraut. Áætlað heildarrask á framkvæmdasvæði er um 42.000 m<sup>3</sup> og heildarefnisþörf er áætluð um 170.000 m<sup>3</sup>.

#### Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 sem landbúnaðarsvæði án þess þó að vera hluti af nærliggjandi ræktunarlandi.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan skipulagsmarka gildandi deiliskipulags Egilsstaðaflugvallar frá árinu 2012, m.s.br. 2021. Ekki er gert ráð fyrir fyrirbyggjandi stækkun á flugbraut í deiliskipulaginu en svæðið sem um ræðir er þar skilgreint sem flugvallarland.

Athygli er vakin á því að kanna þarf hvort fráveitulagnir liggja innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

#### Mótvægisáðgerðir og vöktun

Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisáðgerðir og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti.

#### Niðurstaða

Múlaping telur ekki ástæðu til að framkvæmdin skuli háð umhverfismati en bendir á að hún kallar á breytingu gildandi skipulags.

#### Leyfisveitingar á hendi Múlapingis

Múlaping veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Meðfylgjandi umsögn var samþykkt á 44. fundi heimastjórnar Fljótshéraðs 7. mars 2024.

Virðingarfyllst,

Sóley Valdimarsdóttir  
Verkefnastjóri skipulagsmála

#### Múlaping

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 28. febrúar 2024  
Tilv. 2024-02-26-0261/2.4.1

Efni: Varðar nýja akbraut á Egilstaðaflugvelli, nr. 0209/2024

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 26. febrúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða lagningu nýrrar akbrautar á Egilstaðaflugvelli, mál nr. 0209/2024.

Hin nýja akbraut er nærri Eyvindará, en þar veiðist bleikja og urriði og reynt hefur verið að rækta lax í ánni. Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Framkvæmdin getur mögulega haft áhrif á lífríki í Eyvindará en þau áhrif yrði trúlega lítil þar sem ekki verður séð að farvegi árinna verði raskað. Áhrif á rekstartíma geta komið til s.s. vegna lýsingar eða mengunar sem kann að berast í Eyvindará. Ekki er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í Eyvindará í fram lagðri fyrirspurn um matsskyldu en fram kemur að fara þurfi varlega við framkvæmdir svo ekki berist mengun eða grugg í ána (bls. 17, 6.2).

Virðingarfyllt,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 28. febrúar 2024  
Tilv. 2024-02-26-0261/2.4.1

Efni: Varðar nýja akbraut á Egilstaðaflugvelli, nr. 0209/2024

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 26. febrúar sl. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða lagningu nýrrar akbrautar á Egilstaðaflugvelli, mál nr. 0209/2024.

Hin nýja akbraut er nærri Eyvindará, en þar veiðist bleikja og urriði og reynt hefur verið að rækta lax í ánni. Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Framkvæmdin getur mögulega haft áhrif á lífríki í Eyvindará en þau áhrif yrði trúlega lítil þar sem ekki verður séð að farvegi árinna verði raskað. Áhrif á rekstartíma geta komið til s.s. vegna lýsingar eða mengunar sem kann að berast í Eyvindará. Ekki er fjallað um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í Eyvindará í fram lagðri fyrirspurn um matsskyldu en fram kemur að fara þurfi varlega við framkvæmdir svo ekki berist mengun eða grugg í ána (bls. 17, 6.2).

Virðingarfyllt,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs